

Fimm listakonur sýna í Stúdíó Höfða

Fimm listakonur, þær Anna María Harðardóttir, María Másdóttir, Ragna Eyjólfsdóttir, Ragnheiður Helga Jónsdóttir og Soffía Sigurðardóttir, efna til samsýningar í Stúdíó Höfða í tilefni opunar á vinnustofu þeirra að Borgartúni 19. Sýningin verður opnuð á morgun, laugardaginn 2. nóvember, og á henni er að finna verk unnin með olíu, akrýl, pastel og vatnslitum og verk unnin í gler.

Anna María Harðardóttir sýnir olíu og akrýlmálverk á striga. Þetta er fyrsta sýning Önnu Maríu, en hún er nýkomin til landsins eftir MA nám og starfar sem art therapisti á Barnadeild Landspítalans.

María Másdóttir sýnir myndir unnar með olíu og pastel á pappír. Hún hefur haldið eina einkasýningu og er þetta fimmta samsýning


in sem hún tekur þátt í. Anna María hefur BFA gráðu frá Illinois í Bandaríkjunum.

Ragna Eyjólfsdóttir sýnir akrýlmyndir á striga. Hún hefur haldið eina einkasýningu og þetta er fjórða samsýning hennar, en Ragna hefur BFA gráðu frá Illinois, Bandaríkjunum.

Ragnheiður Helga Jónsdóttir sýnir akrýl- og vatnslitamyndir á pappír og striga. Þetta er fyrsta sýning Ragnheiðar en undanfarin ár hefur hún starfað við listskreytingar.

Soffía Sigurðardóttir sýnir akrýlmyndir á striga og glermuni. Þetta er önnur samsýning Soffíu en hún stundaði nám í Illinois og Minnesota, Bandaríkjunum.

Sýningin, sem er opin frá klukkun 14-19, stendur til 10. nóvember.



Á Kjarvalsstöðum verða þrjár sýningar opnaðar á morgun, laugardag. Ein þeirra er með verkum Gunnars Arnar myndlistarmanns, önnur með ljóðum Jóns úr Vör og sú þriðja með verkum eftir Ívar Valgarðsson myndhöggvara. Á myndinni er Gunnar Örn með eitt verka sinna.

DV-mynd Brynjar Gauti

Kjarvalsstaðir:

Þrjár ólíkar sýningar

Það verða þrjár sýningar opnaðar á Kjarvalsstöðum á morgun, laugardag.

I austurforsal verður opnuð klukkan 17 sýning á ljóðum eftir Jón úr Vör sem er einn af brautryðjendum íslenskrar nútímaljóðlistar og á að baki langan og virkan skáldskaparferil. Hann mótaði sér snemma sérstæðan, persónulegan ljóðstil, hljóðlátan, hógværan og áhrifaríkan í senn. Ljóðabók hans, Þorpið, sem út kom 1946, er tímamótaverk í íslenski ljóðagerð og fyrsta íslenska ljóðabókin sem geymir eingöngu óbundin ljóð. Ljóðabækur Jóns úr Vör eru orðnar 12 að tölu.

Ljóðasýningar Kjarvalsstaða, sem

unnar eru í samvinnu við Ríkisútvarpið - rás 1, eru ný leið til að vekja athygli almennings á stöðu ljóðsins í dag, ennfremur sem hér skapast nýir möguleikar fyrir skáldin í rými sem í gegnum tíðina hefur verið helgað myndlistinni.

I austursal opnar Gunnar Örn sýningu. Gunnar Örn er fæddur 1946 og hann er sjálfmenntaður myndlistarmaður. Fyrstu einkasýningu sína hélt hann 1970 í Unuhúsi. Síðan þá hefur hann haldið 23 einkasýningar, þar af tvær í Kaupmannahöfn og tvær í New York. Hann hefur tekið þátt í samsýningum víða um heim. Gunnar Örn var fulltrúi Íslands á Feneýja-tvíæringnum 1988. Verk eft-

ir hann eru í eigu ýmissa safna, meðal annars Listasafns Íslands, Guggenheim safnsins í New York, Saubusafnsins í Tokyo og Moderna Museet í Stokkhólmi.

Þá verður klukkan 16 opnuð sýning á nýjum verkum eftir Ívar Valgarðsson myndhöggvara. Að þessu sinni býður listamaðurinn upp á installatión-sýningu - sem sett er saman úr byggingarefni: hvítri málningu, málningardósnum, heflaðri furu, krossvið, hnoðkitti, gangstéttarhellum og einangrunarplasti. Þessu efni er á engan hátt umbreytt heldur er því raðað upp samkvæmt ákvörðun listamannsins.



Listakonurnar fimm, Anna María, María, Ragna, Ragnheiður Helga og Soffía, opna á morgun, laugardag, sýningu í Stúdíó Höfða í tilefni opunar vinnustofu þeirra að Borgartúni 19.

DV-mynd Hanna

Laugardalshöllin:

Vináttuhátíð '91

Aðstandendur verkefnisins Vináttu '91 efna til vináttuhátíðar í Laugardalshöll á morgun, laugardaginn 2. nóvember, klukkan 15-19.

Hugmyndin er að halda skemmtun fyrir alla aldurshópa og er dagskráin skipulögð með tilliti til þess. Þeir skemmtikraftar sem koma fram eru Bubbi Morthens, Júpíters, Kuran Swing, Ole Kristiansen Band frá Grænlandi, Sororicide, Fjörkarlar, Strandamannakórinn, Neistar, Götuleikhúsið Auðhumla, dansarar frá Kramhúsinu, Lúðrasveit verkalyðsins, Jón Rúnar Arason og fleiri. Kynnir á hátíðinni verður Edda Björgvinsdóttir.

Dagskráin hefst á því að Hjalpar-

sveit skáta í Reykjavík og Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík sýna tæki sín og búnað fyrir utan Laugardalshöllina og þyrta Landhelgisgæslunnar kemur á staðinn og sýnt verður sig úr þyrllunni. Þá munu Lögreglan í Reykjavík og Bifhjólasamtök lýðveldisins, Sniglarnir, verða á staðnum.

Aðgangur að hátíðinni er ókeypis. Byrjað var að vinna að verkefninu Vináttu '91 síðastliðið haust að frumkvæði Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur og Unglingadeildar Félagsmálastofnunar Reykjavíkur. Tilgangurinn er að auka tengsl, samskipti og samvinnu félaga, samtaka, stofnana og einstaklinga með sameiginlegum verkefnum og uppákomum og að koma af stað umræðum um vináttu og aðra jákvæða hluti í samskiptum manna í stað þess að dvelja stöðugt við skuggahlíðar eins og ofbeldi eða vímuefnanotkun.

Verkefnið hefur verið kynnt skólum, dagvistarstofnunum, félagsmiðstöðvum og öðrum sem gætu nýtt það til forvarna og félögum og samtökum í einstökum bæjarhverfum og byggðarlögum. Undirtektir hafa alls staðar verið góðar og allmargir aðilar eru þegar farnir að vinna að verkefninu.

Verndari Vináttu '91 er forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir.



MS-félag Íslands:

Kórahátíð í Háskólabíói

MS-félag Íslands stendur fyrir mikilli kórahátíð í Háskólabíói á morgun, laugardaginn 2. nóvember, klukkan 15.00.

MS-félagið heldur þessa hátíð til að safna í húsbyggingarsjóð en félagið fékk nýlega úthlutað lóð. Í félaginu eru milli 500 og 600 manns en um 200 manns eru með sjúkdóminn MS.

Það verða sex kórar sem koma fram, tveir skólakórar, tveir karlakórar og tveir blandaðir kórar. Skólakór Kársness kemur fram undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, Kór Óldutúnsskóla undir stjórn Egils Friðleifssonar, Dómkórinn sem Marteinn H. Friðriksson stjórnar, Kór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar, Karlakórinn Fóstbræður sem Árni Harðarson stjórnar og Karlakór Reykjavíkur undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar. Kynnir á hátíðinni



Kórahátíð MS-félags Íslands verður haldin á morgun, laugardag, í Háskólabíói klukkan 15 og er til styrktar húsbyggingarsjóði MS-félagsins.

verður Baldvin Halldórsson.

Miðar eru seldir í Hljóðfæra-verslun Poul Bernburg, Tónastöðinni, Óðinsgötu 7, og í Háskólabíói

og kostar aðgöngumiðinn 2000 krónur. Allur ágóðinn rennur í húsbyggingarsjóð MS-félags Íslands.